

Samvera 1

36. vika 2008 (Frá 31. ágúst)

Biblían

Dagskrárlíðir:

Upphaf samverustundar

Miðbik samverustundar

Bibliúfræðsla

Sögustund

Leikir

Lok samverustundar

Upphaf samverustundar:

Kveikt á kertum

Veljið barn til þess að kveikja á kertunum. Um leið og kveikt er á kertunum segja allir saman: „Hvar sem fjársjóður þinn er, þar mun og hjarta þitt vera.

Matteus 6:21“

Eflaust eru einhverjar hefðir í starfinu og þá gott að halda sig við það sem börnin þekkja.

Skrifið minnisversíð á spjöld þannig að eitt orð sé á hverju spjaldi. Hengið minnisversíð upp. Næstu samverur má fjarlægja eitt og eitt orð og athuga hvort börnin átti sig á því hvaða orð vantar í versíð.

Upphafsbæn

Í vetur er ætlunin að kenna öllum börnum bæn Hallgríms Péturssonar „Vertu Guð faðir, faðir minn.“ Sjá hér að ofan.

Trúarjátningin

Allir fara með trúarjátninguna í sameiningu.

Til þess að útskýra hana nánar mætti nota efni í flettimyndabókinni Sögustund 2 bls. 51. Það má nota þessa samveru til þess eða hvaða aðra samveru sem henta þykir.

Myndirnar er einnig hægt að fá á DVD hjá Skálholtsútgáfu.

Upphafssöngur

Börnin syngja fyrsta erindi barnasálmsins „Enginn þarf að óttast síður.“

Miðbik samverustundar:

Bíblíufræðsla: Bíblían

Veljið úr það sem hentar

A) Sagan sögð með hjálp flettibíblíu/DVD mynda:

Stóra flettimyndabíblían 2005 bls. 2 (mynd á kápu: Börn, fuglar og blóm)
„Beðið eftir komu Jesú“. Sagan fjallar um Bíblíuna. Óþarft er að lesa alla söguna.

B) Sagan í Bíblíunni – stiklað á stóru 135-96

Ef aðstæður eru til mætti fá börnin til þess að hjálpast að við að myndskreyta þessa sögu og sýna svo afraksturinn í lok stundarinnar- eða jafnvel í næstu guðsþjónustu eða í sunnudagaskólanum.

Hjálpargögn:

Með lið 1: Kolsvart karton.

Með lið 2: Verið búin að lita og klippa út myndir af Adam og Evu. Þessar myndir hér eru af vefslóðinni <http://www.coloring.ws/adamandeve.htm> en þar eru þær þó nokkuð stærri. Myndirnar hér eru eingöngu til þess að auðvelda ykkur leit að myndum en að sjálfsgöðu má nota aðrar myndir af Adam og Evu. Límið myndirnar af Adam og Evu á svarta kartonið.

Með lið 3: Verið búin að lita og klippa út mynd af jörðinni. Myndin sem hér fylgir er af vefnum <http://www.coloring.ws/nativity.htm>. Límið myndina af jörðinni á kartonið.

Með lið 4: Verið búin að lita og klippa út mynd af Jesúbarninu í jötunni. Myndina er að finna á vefsíðunni <http://www.coloringpages.net/pages/bible-12.html> Límið myndina á kartonið.

Með lið 5: Verið búin að lita og klippa út mynd af Jesú á krossinum. Myndina er að finna á vefsíðunni <http://www.christiananswers.net/kids/clr-jesus-cross.html> Límið myndina á kartonið.

Einnig má nota loðmyndir.

Í vetur fáid þið að heyra margar sögur úr Bíblíunni. Sumar þeirra ætlum við að leika aðrar ætlum við að syngja um og svo ætlum við að sýna ykkur myndir sem tilheyra sögunum. Smátt og smátt verðið þið búin að læra margar Bíblíusögur. Hvers vegna ætli það sé gott að þekkja margar Bíblíusögur?



Einu sinni var ekkert til, nema Guð. Hann hafði alltaf verið til og nú langaði hann til þess að skapa fallegan heim. Hann skapaði himininn og jörðina, öll dýrin og mennina. Fyrsta fólk-ið sem hann skapaði voru Adam og Eva.

Adam og Eva bjuggu í fallegum garði sem hét Eden. Þar leið þeim mjög vel, þar til einn daginn. Guð hafði sagt þeim að þau ættu borða af öllum trjámum í garðinum nema af skilningstré góðs og illis. Adam og Eva freistuðust til þess að fá sér bita af ávexti trésins. Þar með höfðu þau óhlýðnast Guði. Þau urðu frek og eigingjörn og gerðu margt sem var ekki gott. Börnin þeirra gerðu líka margt sem ekki var gott og barnabörnin þeirra líka og barna, barna börnin þeirra. Guð var leiður yfir því.




Hann horfði yfir jörðina og hugsaði um það hvað hann ætti til bragðs að taka. – Ég verð að frelsa mennina frá syndum þeirra – en það er allt það illa sem mennirnir geta látið sér detta í hug að gera. Og Guð ákvað að senda son sinn Jesú til að hjálpa þeim.

Fyrst var Jesú bara lítið barn. Þið þekkið kannski söguna um litla Jesúbarnið.



Hér skulum við setja mynd af honum.

En Jesús var ekki alltaf lítið barn. Hann stækkaði og varð fullorðinn maður. En mennirnir krossfestu hann. Þá sagði Jesús við Guð föður sinn á himnum: Faðir, fyrirgef þeim því þeir vita ekki hvað þeir gera. Hann tók alla sök manna á sig og ákvað að deyja fyrir þá alla.



Jesús reis aftur upp frá dauðum. Hann sigraði bæði dauðann og syndina. Jesús fyrirgefur okkur allt sem við gerum rangt. Þegar Jesús fór til himna sagði hann: Ég verð alltaf hjá ykkur. Svo sagði hann líka annað: Alltaf þegar þið hittist til þess að tala um mig eða biðja til mín þá er ég hjá ykkur.

SÖGUSTUND:

Ævintýri í Brekkugötu

Hann heitir bara Villi

Það voru undarlegir hlutir sem áttu sér stað í stofu 11 í Drafnarskóla nokkrum vikum eftir að skólastarfið hófst. Krakkarnir mættu eldsnemma í skólann. Það var hráslagalegt og kalt. Þegar skólabjallan hringdi fóru allir krakkarnir rennandi blautir og kaldir í röð.

Þegar 3. bekkur HÓ var kominn inn í stofuna sína og kennarinn byrjaður að lesa upp nöfnin, var bankað á dyrnar. Svava skólastjóri kom inn. Með henni var langur og mjór rauðhærður strákur. Hann var allt öðruvísi en hinir krakkarnir. Hárið á honum var hrokkið og stóð út í loftið. Hann var í grænum, götöttum buxum sem höfðu verið margbættar og rauðröndótttri sjóræningjapeysu. Skólastaskan hans var heldur ekkert venjuleg. Hún var eins og kústskaft með vasaklút sem hafði verið bundinn upp eins og poki á endann.

– Krakkar mínir. Hér er kominn nýr strákur í bekkinn til ykkar, hann heitir Villi, sagði skólastjórinn glaðlega.

Villi horfði grallaralega á krakkana.

– Fáðu þér sæti, Villi minn, sagði Halldóra kennari. Þú getur sest við hliðina á Önnu Grétu. Hvað heitirðu fullu nafni, hélt hún áfram. Hún ætlaði að skrifa nafnið hans í bekkjarskrána.

– Ég heiti bara Villi, svaraði skrýtni strákurinn og ruggaði lausri tönn með fimri tungunni.

Krakkarnir í bekknum hvísluðust á. Hann heitir Villi! Hvaðan skyldi svona skrýttinn strákur koma?

Villi slengdi pokanum sínum upp á borðið hjá Önnu Grétu og settist letilega í sætið sitt. Síðan gaut hann augunum yfir til krakkanna í bekknum.

Kennarinn sagði börnunum að taka lestrarbækurnar upp úr töskunum. Nú var lestrartími.

Villi opnaði pokann sinn hægt og rólega. Börnin í bekknum biðu í ofvæni eftir því að sjá hvað kæmi upp úr pokanum. Upp úr honum dró hann stóra, svarta bók og fór að lesa.

Þið getið rétt ímyndað ykkur hvað börnunum þótti Villi spennandi og skrýttinn.

– Hvaðan skyldi hann koma? Hann var öðruvísi en allir aðrir krakkar.

Anna Gréta hallaði sér yfir til Villa

– Hvar áttu heima? spurði hún feimnislega.

Villi leit á Önnu Grétu. Hann brosti breiðu brosi.

– Ég á heima á Brekkugötu númer 1569, svaraði hann hiklaust.

– Það er ekki til hús númer 1569, sagði Anna Gréta undrandi. Ég veit það af því að ég á heima í Brekkugötu.

– Jú, núna. Það er nýkomið, ég var að koma með það.

– En það eru bara tíu hús í götunni. Af hverju er þitt hús númer 1569?

– Bara! svaraði Villi hressilega og yppti öxlum.

Anna Gréta fékk að vera samferða Villa heim úr skólanum. Hún var miklu minni en hann.

Til athugunar

Í þessari fyrstu sögu um Villa og Önnu Grétu eru helstu söguhetjurnar kynntar. Villi er að koma nýr í bekkinn. Það þarf að taka vel á móti þeim sem koma nýir í kirkjuna eða í skólann.

Þegar þau komu í Brekkugötu sá Anna Gréta sér til mikillar undrunar að þar var komið nýtt hús. Og það var ekki um að villast, á húsinu stóð stórum stöfum 1569. Villi hafði þá sagt satt. Húsið var númer 1569! Anna Gréta var alveg hissa.

– Hvaðan kemur þetta hús?

Það var eins og húsinu hefði verið plantað þarna. Enginn garður í kringum það, enda var það eiginlega úti á miðri götu.

– Ekki býrðu einn þarna? spurði Anna Gréta forvitin.

– Nei, ég bý með afa mínum, svaraði Villi, og nú opnuðust dyrnar á skrýtna húsinu og gamall maður kom í gættina. Hann hafði séð Villa koma og ætlaði greinilega að taka vel á móti honum þegar hann kæmi heim eftir fyrsta skóladaginn.

Gamli maðurinn leit út alveg eins og Villi, nema rauða hárið var orðið hvítt og hann var orðinn gamall. Villi hljóp til hans og kvaddi Önnu Grétu.

– Sjáumst á morgun, kallaði hann og hvarf inn í skrýtna húsið.

Hugleiðing um efni sögunnar

Hvernig eigum við að taka á móti þeim sem eru nýir í skólanum eða í barnastarfinu?

Leikir

Veljið úr: <http://thjodkirkjan.is/efnisveita/node/178>

Eða: <http://www.leikjabankinn.is>

Eða: <http://www.ismennt.is/vefir/leikir/hopleikir>

Lok samverustundar:

Söngur og Faðir vor